

Ná.

400. Lög

um þingfararkaup alþingismanna.

1. gr.

Alþingismenn skulu hafa 8 kr. þóknun daglega bæði fyrir þann tíma, sem þeir sitja á Alþingi og fyrir þann tíma, sem fer til ferða að heiman til alþingis og frá alþingi heim aftur.

Enn fremur skulu alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur fá 2 kr. aukþóknun daglega meðan þeir dvelja á þingstaðnum.

2. gr.

Ferðakostnað fá alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, sem hjer segir:

1. Úr Suður-Múlasýslu.....	kr. 180,00
2. — Norður-Múlasýslu	— 190,00
3. — Seyðisfirði	— 110,00
4. — Norður-Þingeyjarsýslu	— 170,00
5. — Suður-Þingeyjarsýslu	— 160,00
6. — Eyjafjarðarsýslu	— 130,00
7. — Akureyri	— 80,00
8. — Skagafjarðarsýslu	kr. 120,00

9.	Úr Húnavatnssýslu	—	120,00
10.	— Strandasýslu	—	120,00
11.	— Norður-Ísafjarðarsýslu	—	80,00
12.	— Ísafirði	—	50,00
13.	— Vestur-Ísafjarðarsýslu	—	60,00
14.	— Barðastrandarsýslu.....	—	70,00
15.	— Snæfellsnessýslu	—	60,00
16.	— Dalasýslu	—	60,00
17.	— Mýrasýslu.....	—	50,00
18.	— Borgarfjarðarsýslu	—	50,00
19.	— Gullbringu- og Kjósarsýslu.....	—	20,00
20.	— Árnessýslu	—	70,00
21.	— Bangárvallasýslu	—	90,00
22.	— Vestur-Skaftafellssýslu	—	190,00
23.	— Austur-Skaftafellssýslu	—	340,00
24.	— Vestmannaeyjum	—	20,00
25.	— Danmörku	—	190,00

3. gr.

Nú verður tálmi á þingförl alþingismanns af ís, slysum eða öðrum óviðráðanlegum atvikum, og á hann rjett til endurgjalds á þeim kostnaði, er þar af leiðir.

4. gr.

Sameinað alþingi kýs nefnd, sem úrskurðar þingfararkauþsreikninga alþingismanna, en forseti í hlutaðeigandi deild ávisar upphæðunum.

5. gr.

Útgjöld samkvæmt lögum þessum greiðast úr landssjóði.

6. gr.

Með lögum þessum er 37. gr. laga 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis úr gildi feld.